

Leikskólinn Álfaborg

ÁRSSKÝRSLA 2024-2025



Bryndís Hafþórsdóttir
19. maí 2025

Efnisyfirlit

Álfaborg – tölulegar upplýsingar.....	2
Barnahópurinn.....	2
Mannauður.....	2
Skólastefna Svalbarðsstrandarhrepps – stefna Álfaborgar.....	3
Uppbyggingarstefna - Uppeldi til ábyrgðar.....	3
Mat á skólastarfi.....	3
Starfsáætlun skólaársins 2024-2025.....	4
Stjórnendateymi Álfaborgar - samráðsfundir.....	4
Sérkennsla/stoðþjónusta.....	4
Iðjubjálfun og tengiliður farsældar.....	4
Skóladagatal.....	5
Sumarleyfi barna og starfsmanna.....	6
Þróunarstarf og símenntun.....	6
Foreldrasamstarf.....	7
Fyrsta viðtal.....	7
Kynningarfundur.....	7
Foreldrasamtöl.....	7
Foreldrafélag.....	8
Samstarf leik- og grunnskóla.....	8
Nefndir um málefni Álfaborgar/Valsárskóla.....	9
Skólanefnd.....	9
Skólaráð.....	9
Öryggismál.....	10
Öryggisnefnd.....	10
Fáliðunar stefna leikskólans.....	11
Húsnæði.....	11
Viðhald.....	11
Lokaorð.....	11

Álfaborg – tölulegar upplýsingar

Barnahópurinn

Þegar Álfaborg opnaði eftir sumarfrí voru 4 börn aðlöguð inn á Hreiður og 2 inn á Lundi.

Í Álfaborg voru að jafnaði 38 nemendur á tveimur deildum í þremur heimastofum. Á Hreiðri, yngri deild, voru 9 börn á aldrinum 1-2 ára. Á Lundi, eldri deildinni, voru 28-34 börn á aldrinum 2-6 ára. Börnunum á Lund var skipt niður í tvær heimastofur; Kvist og Rjóður. Á Kvisti voru 11-15 börn á aldrinum 2-3 ára og í Rjóðri voru 18-19 börn á aldrinum 4-6 ára. Haustið 2025 munu alls 35 börn hefja leik og störf í Álfaborg að öllu óbreyttu. 10 börn útskrifast og fara í Valsárskóla og 4 ný börn verða aðlöguð fyrir haustið.

Mannauður

Leikskólinn Álfaborg uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 95/2019 um að 2/3 hlutar starfsfólks miðað við stöðugildi hafi leyfisbréf kennara.

Í Álfaborg störfuðu í vetur að jafnaði 11 starfsmenn í 10,7 stöðugildum, auk leikskólastjóra, þar af eru 3 starfsmenn í 3 stöðugildum með leyfisbréf kennara. Einn starfsmaður er búin með B.ed gráðu í leikskólakennarafræðum og einn starfsmaður er leikskólaliði.

Samkvæmt kjarasamningum eru undirbúningstímar nú alls 45 klst. á viku (miðað við stöðuhlutfall í skólanum) til undirbúnings starfsins. Því þarf 1,1 stöðugildi til að leysa af í undirbúningstíma. Starfsmaður er í móttökueldhúsi Álfaborgar í 0,6 stöðugildi og hefur það gefist mjög vel.

Nýr leikskólastjóri, Guðrún Hallfríður Björnsdóttir, hóf störf 1. apríl 2025 en Bryndís Hafþórsdóttir fráfarandi leikskólastjóri tók að sér nýja stöðu deildarstjóra. Því eru deildirnar orðnar 3 í Álfaborg, Hreiður, Rjóður og Kvistur. Eftir að Bryndís fluttist inn á deild eru starfsmenn með leyfisbréf kennara því orðnir 4 í 4 stöðugildum.

Eitt stöðugildi er í iðjuþjálfun og tengilið farsældar fyrir bæði leik- og grunnskóla. Nú er komin ágæt reynsla á það starf og mikil ánægja er með þessa stöðu á báðum skólastigum. Þessi starfsmaður er í 0,5 stöðugildum í Álfaborg og tekur þá ýmist börn í iðjuþjálfun eða sinnir starfi tengiliðar fyrir leikskólann.



Verktakar sáu um ræstingu í Álfaborg með miklum ágætum. Við deilum svo matráði og húsverði með Valsárskóla.

Skólastefna Svalbarðsstrandarrhrepps – stefna Álfaborgar

Skólastefna Svalbarðsstrandarrhrepps nær til leikskólans Álfaborgar og grunnskólans Valsárskóla. Hvor skóli býr til sína eigin skólanámskrá þar sem allir starfsmenn koma að vinnunni. Síðasta vetur var ný skólanámskrá búin til en hún verður áfram í stöðugri þróun. Skólanámskrá Álfaborgar byggir á stefnu sveitarfélagsins, Barnasáttmálanum, Aðalnámskrá leikskóla og grunnþáttum menntunar, lögum um leikskóla og reglugerðum þar að lútandi. Auk þess er sameiginleg stefna leik- og grunnskólans sem byggir á Uppbyggingarstefnunni og Uppeldi til ábyrgðar höfð til hliðsjónar.

Uppbyggingarstefna - Uppeldi til ábyrgðar

„Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga“ er stefna sem felur í sér að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga. Aðferðin ýtir undir ábyrgðarkennd og að börn átti sig á styrkleikum sínum og þörfum. Einnig er áhersla á að þau læri af mistök sínum og nýti reynsluna á jákvæðan hátt. Stefnan er einnig verkfæri fyrir starfsfólk skóla í samskipta og agamálum. Nánari upplýsingar um uppbyggingarstefnuna má finna á síðunni: <https://uppbygging.is/>

Mat á skólastarfi

Skólapúls foreldra og starfsmanna er bara lagður fyrir annað hvert ár en í ár var hann ekki lagður fyrir. Þess vegna var eingöngu notast við foreldrasamtöl auk skráninga á börnum eins og TRAS, Hljóm-2, Efi 2 og fleira til að meta skólastarfið.

Mat á innra starfi

Á grundvelli laga um leikskóla ber að meta starfið með kerfisbundnum hætti. Að jafnaði er stuðst við fjölbreyttar leiðir í mati og leitast við að fá fram sjónarmið sem flestra í skólasamfélaginu. Gögnin sem innra matið er byggt á voru foreldrasamtöl sem fóru fram í byrjun mars 2024 og skólapúlssinum sem foreldrar taka annað hvert ár.

Foreldrasamtöl

Í samtölum við foreldra kom ýmislegt fram en almennt voru foreldrarnir ánægðir með starf leikskólans þetta skólaár. Á fundinum voru settir niður punktar sem betur má fara og fór starfsfólk yfir þá og unnið var og er að úrbótum. Foreldrar bentu á að öf mörg börn saman á hverju svæði, of breitt aldursbil, hafa stöðugan kennara og minka hávaða og margmenni í forstofu.

Úbætur

Það stendur til að breyta skipulagi skólans í haust. Þetta munu verða 3 deildir með sinn hvorn deildarstjórann. Hver og ein deild vinnur sjálfstætt og markmiðið er að minnka ráp, hávaða og margmenni á sama staðnum. Margt hefur verið bætt og margt er eftir og eru nýjar áherslur með nýjum skólastjóra og er þessi deildarskipting ein af þeim breytingum. Matartímar verða því ekki fljótandi en börnin munu samt sem áður æfa sjálfstæði í að skammta sér og ganga frá eftir sig.



Starfsáætlun skólaársins 2024-2025

Skólanum ber að gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Starfsáætlun þessa árs var staðfest á fundi skólaráðs 2. október og í skólanefnd 15. október 2024.

Stjórnendateymi Álfaborgar - samráðsfundir

Samráðsfundir í Álfaborg

-*Starfsmannafundir* voru að jafnaði þrír á misseri eftir skólatíma, þ.e. kl. 16:00-18:00.

-*Stjórnendateymi leikskólans* fundaði 1x í viku á skólatíma, fundir féllu þó stundum niður vegna manneklu. Sæti í stjórnendateymi eiga deildarstjórar og skólastjóri.

-*Deildarfundir*, 30-45 mínútur, voru vikulega á skólatíma þegar mönnun í húsi gerði það kleift en fáir fundir voru haldnir fyrrihluta árs á Lundi. Allir starfsmenn deildar eiga þar sæti. Á Lundi voru haldnir deildarfundir með starfsfólki á Rjóðri og svo starfsfólki á Kvisti hina vikuna.

Sérkennsla/stoðþjónusta

Leikskólanum ber að taka tillit til þarfa hvers og eins barns svo það fái notið bernsku sinnar og skóla dvalar. Taka þarf sérstakt tillit til barna sem glíma við tilfinninga- og/eða félagslega erfiðleika.

Foreldrar sem óskuðu eftir sértæku úrræði eða greiningu fyrir börn sín nutu stuðnings sérkennara og sérkennsluráðgjafa (frá skólaskrifstofu Akureyrarbæjar) með útfyllingu beiðna um slíkt og sá sérkennari og/eða skólastjóri um að fylla út og fylgja eftir slíkum beiðnum í samráði við foreldra. Talmeinafræðingur kom í Álfaborg að jafnaði einu sinni í mánuði og sinnti þeim börnum sem þurftu málþroskagreiningu eða þjálfun.

Iðjuþjálfun og tengiliður farsældar

Í haust hóf Sigríður Ingibjörg Stefánsdóttir störf hjá Valsárskóla og Álfaborg. Sigríður Ingibjörg er iðjuþjálfari og starfar sem slík í 80% vinnu og 20% sem tengiliður farsældar.

Starf iðjuþjálfara hefur nýst vel fyrir nemendur Álfaborgar t.d. með vinnu í félagsfærni einstaka nemenda og hópa. Hlutverk iðjuþjálfara í leikskóla má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi að vinna með nemanda að áhugahvöt þess og virkja áhuga og færni sem snúa að námi, vinum og leik. Í öðru lagi að vinna að markmiðum námskrár þ.e. athöfnum, efni og kennsluaðferðum. Í þriðja lagi að skoða umhverfi og aðstæður. Viðfangsefni Sigríðar Ingibjargar hafa verið fjölbætt og sem dæmi hefur hún verið að efla skólafærni og þátttöku nemenda og sinna ráðgjöf til kennara og annars skólafólks.

Tengiliður farsældar er nýtt starf síðan haustið 2023 í sveitarfélaginu og er því hlutverki sinnt bæði í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins. Tengiliður starfar í þágu farsældar barna samkvæmt lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna sem samþykkt voru 2021. Öll börn og foreldrar eiga rétt á greiðu aðgengi að tengilið farsældar í nærumhverfi sínu til að fá þá aðstoð sem við á til að tryggja farsæld barns. Frá fæðingu og þar til barn hefur nám í leik- eða grunnskóla er tengiliður starfsmaður heilsugæslustöðvar eða heilbrigðisstofnunar í heilbrigðisumdæmi barns. Sama á við ef þörf er á samþættingu þjónustu á meðgöngu. Þegar barn er við nám í leik-, grunn- eða framhaldsskóla er tengiliður starfsmaður skólans þar sem barn er við nám. Ef það á ekki við er tengiliður starfsmaður félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem barn á lögheimili. Tengiliður skal hafa viðeigandi þekkingu á þjónustu í þágu farsældar barns. Hann má ekki vera tengdur barni eða foreldrum þess með þeim hætti

sem mundi leiða til vanhæfis.

Tengiliður farsældar er:

- starfsmaður í nærþjónustu / grunnþjónustu barns og fjölskyldu þess.
- sá aðili sem styður við samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns.
- sá sem veitir fjölskyldunni upplýsingar um þjónustu, tryggir aðgang að frummati, styður við samþættingu þjónustu allra þjónustuveitenda og fylgir málum eftir á 2. og 3. stig ef þörf er á.

Meira er hægt að lesa um tengilið á slóðinni: <https://www.bofs.is/farsaeld/tengilidir/>

Skóladagatal

Öll heimili geta nálgast skóladagatal á vefsíðu skólans í júní ár hvert á slóðinni: <https://skolar.svalbardsstrond.is/is/skolinn/skoladagatal-2019-2020> Skipulagsdagar þessa skólaárs voru fimm talsins.

Á haustmisseri 2024 voru skipulagsdagar 19. ágúst og 7. nóvember en hann var sameiginlegur með leikskólum Akureyrar og nágrannaskólum. Á vorönn 2025 voru þeir 2. janúar, 3. mars og sá síðast verður 30. maí.

Helstu alþjóðlegu/íslensku viðburðir skólaársins 2024-2025

Auk skóladagatals er mánaðarskipulag hvers mánaðar fyrir sig birt á heimasíðu og útprentað í forstofum. Þar koma fram allir uppbrotsdagar.

Viðburðir skólaárið 2024-2025:

12. ágúst Leikskólinn opnar eftir sumarfrí

19. ágúst Starfsdagur

6. október Afa og ömmu kaffi

24. október hrekkjavaka

8. nóvember kort til pabba vegna feðradagsins 10. nóv.

11. nóvember Þjóðhátíðardagur Póllands

16. nóvember dagur íslenskrar tungu og afmæli Lubba (söngstund á Rjóðri)

22. nóvember sjóræningjadagur

29. nóvember kveikt á jólatrénu og dansað í kringum það.

1. desember jólaföndur foreldrafélagsins.

13. desember jólagleði Hreiðurs

14. desember Jólaball foreldrafélagsins

16. desember Krummar og Spóar fara í Jólagarðinn

2. janúar Starfsdagur

31. janúar afmæli Blæs 1. feb (söngstund á Rjóðri)

7. febrúar foreldrakaffi

6. febrúar dagur leikskólans, lokað vegna veðurs en 7. febrúar var foreldrakaffi og listaverk eftir börnin þar sem þau voru spurð um hvað leikskólakennarar gera.

11. febrúar 112 dagurinn björgunarsveitin Týr kom í heimsókn í útiveru með bíl og sexhjól og gaf öllum endurskinsmerki.

3. mars viðtalsdagur/starfsdagur

4. mars öskudagur

14. mars Álfaborg 32 ára (15. mars) gott með kaffinu og söngsalur

9. maí kort til mömmu vegna mæðradagsins 11. maí.

21.-22. maí útskriftarferð Krumma

24. maí vinnudagur foreldrafélagsins á lóð Álfaborgar

13. júní útskrift Krumma

Sumarleyfi barna og starfsmanna

Allt þar til sumarið 2020 var skólinn lokaður í 4-5 vikur um miðbik sumars en nú hafa verið gerðar tvenns konar „prufur“ á öðru fyrirkomulagi. Sumarið 2020 var skólinn lokaður í tvær vikur, en sumarið 2021 var skólanum ekkert lokað yfir sumarið. Sumarið 2022 var ákveðið að loka leikskólanum í fjórar vikur en bjóða jafnframt upp á daggæslu þessar sömu vikur. Engin óskaði eftir því, svo engin starfsemi var í Álfaborg þessar vikur. Í ár verður leikskólinn lokaður í fjórar vikur 7. júlí til og með 4. ágúst. Sumarleyfi starfsmanna eru sex vikur og eiga því allir tvær vikur til umráða.

Þróunarstarf og símenntun

Ábyrgð á símenntun kennara er á hendi skólastjóra og tekið er mið af áherslum skólastarfsins. Þau námskeið sem starfsmenn hafa tekið á skólaárinu eru eftirtalin:

Skyndihjálparnámskeið bæði rafrænt og verklegt (verklegt verður á starfsdegi 30. maí)

Sjálfsrækt í krefjandi starfi - Besti vinnustaðurinn

Teymisvinna með MSHA

TRAS skráning á málþroska ungra barna

BOFS netnámskeið um einkenni barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi.



Foreldrasamstarf

Menntun og uppeldi er samvinnuverkefni skóla og heimila. Þessi svið skarast meira og minna og því þarf samvinna að vera nán. Með því að vinna sameiginlega að menntun og uppeldi er stuðlað að velliðan og þroska nemenda á jákvæðan hátt. Foreldrar bera þó alltaf frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna. Hins vegar ber leikskólanum að veita foreldrum stuðning við uppeldið. Velferð barna er leiðarljós laga um leikskóla, auk barnasáttmálans, og með það í huga ber skólastjóra að stuðla að samstarfi foreldra og kennara leikskóla. Í foreldrasamstarfinu vega dagleg samskipt þyngst.

Allir viðburðir eru auglýstir sérstaklega á mánaðarskipulagi leikskólans sem birt er á heimsíðu skólans, sent í tölvupósti til foreldra og hengt upp í forstofum leikskólans. Einnig eru áminningar sendar í tölvupósti. Matseðill er settur mánaðarlega á heimasíðu skólans og á Karellen. Þá fá foreldrar reglulega pósta frá deildarstjórum um framvindu starfsins á deildinni. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann sem styður við leikskólastarfið með fjölbreyttum hætti. Sameiginlegt skólaráð Álfaborgar/Valsárskóla er einnig starfandi samkvæmt lögum en það hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar í starfinu.

Fyrsta viðtal

Allir nýir foreldrar eiga samtalið við deildarstjóra, og eftir atvikum skólastjóra, í aðlögunar viku barnsins þar sem stefna og vinnubrögð skólans eru kynnt, farið yfir helstu áherslur í starfinu og annað sem foreldrar óska eftir að fá upplýsingar um. Í fyrsta formlega samtali foreldra við deildarstjóra er starf deildarinnar kynnt og farið yfir áherslur og spurningum svarað. Samningur um leikskóladvöl barnsins er svo undirritaður.

Kynningarfundur

Einn almennur kynningarfundur var 3. október. Mæting var mjög góð en foreldrar frá 13 heimilum mættu sem er um 52%. Eftir stutta kynningu á Uppbyggingarstefnunni, tengilið farsældar og farsældarlögunum var heimasíða skólans sýnd og helstu skjöl sem foreldra þurfa að skoða t.d. matseðill, mánaðardagatal og foreldrahandbókin. Hópstjórar sögðu aðeins frá áherslum hópstarfsins fyrir veturinn. Góðar umræður spunnust í lokin.

Foreldrasamtöl

Boðið var upp á formleg foreldrasamtöl einu sinni í vetur á vormisseri. Tilgangur samtalana er að ræða framvindu í þroska og um líðan barnsins. Auk þessa hafa foreldrar og kennarar óskað eftir fundi ef þurfa þykir. Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann auk þess sem þeir eru hvattir til að hafa samband með símtölum eða tölvupósti. Þetta árið var samtals dagurinn 3. mars á starfsdegi. Næsta skólaár verður hann vikuna 16-21 febrúar 2026



Foreldrafélag

Í Álfaborg er starfandi foreldrafélag. Helstu markmið félagsins eru að stuðla að meiri og bættari tengslum heimila og skóla, að koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við skólayfirvöld, að stuðla að framkvæmdum í þágu skólans, að örva og styðja félags- og menningarstarf innan skólans og að stuðla að upplýftingu foreldra/forráðamanna og nemenda a.m.k. einu sinni á ári. Foreldrafélagið hefur m.a. annast sveitaferð um sauðburð, jólaföndur, jólaball, tiltektardag foreldra á vorin og fleiri tilfallandi upptökur, s.s. leiksýningu fyrir börnin eða námskeið fyrir foreldra. Aðalfundur félagsins var 3. október 2024.

Stjórn foreldrafélags Álfaborgar 2024-2025

Rakel Þorgilsdóttir, formaður.

Andri Már Þórhallsson, gjaldkeri.

Heiðdís Lóa Ben Pálsdóttir, ritari.

Margrét Jóhannsdóttir, varamaður.

Sandra Aðalsteinsdóttir, varamaður.

Samstarf leik- og grunnskóla

Flest börn sem hefja nám í 1. bekk Valsárskóla hafa verið hjá okkur í Álfaborg. Samstarf milli leik- og grunnskóla er mikilvægt bæði hvað varðar samfellu í námi og einnig til að nemendur verði sem best búnir undir að færast á milli skólastiga og að auka samvinnu kennara á milli skólanna. Samþættingin felst í því að nemendur á síðasta ári í leikskólanum (Krummar) eru einn dag í viku í grunnskólanum með 1. og 2. bekk og fara í kennslustundir þar t.d. íþróttir,

tónlist, handmennt og bekkjarkennslu. Í vetur voru þriðjudagar skóladagar og þá fá þau bæði morgun- og hádegismat í Valsárskóla.

Einnig fara Krummar í útiskóla með 1. og 2. bekk í Valsárskóla aðra hverja viku og gera ýmislegt skemmtilegt saman úti í náttúrunni. Það má segja að samstarf sem þetta sé einstakt og er þannig hluti af sérstöðu skólanna.

Nefndir um málefni Álfaborgar/Valsárskóla

Skólanefnd

Skólanefnd Svalbarðsstrandarhrepps fer með málefni Álfaborgar og Valsárskóla. Í nefndinni sitja þrír aðalfulltrúar skipaðir af sveitarstjórn. Þeim til viðbótar situr einn áheyrnarfulltrúi kennara frá hvoru skólastigi, þ.e. leik- og grunnskóla og einn til vara hvoru megin. Áheyrnarfulltrúarnir eru kosnir til eins árs í senn. Áheyrnarfulltrúar foreldra eru einnig tveir þ.e. fulltrúi foreldra leikskólans og fulltrúi foreldra grunnskólans og annar til vara. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt.

Fulltrúar í skólanefnd 2024-2025

Árný Þóra Ágústsdóttir formaður. En í mars skiptu Árný og Hanna um hlutverk í nefndinni.

Hanna Sigurjónsdóttir.

Vilhjálmur Rósantsson.

Auk þeirra starfa skólastjórnir Bryndís Hafþórsdóttir og María Aðalsteinsdóttir með nefndinni og skipuleggja fundi í samráði við formann.

Hafrún Helga Arnardóttir er áheyrnarfulltrúi foreldra í Álfaborg og til vara Alma Sigríður Þórólfsdóttir

Sigríður Guðmundsdóttir er áheyrnarfulltrúi kennara í Álfaborg.

Skólaráð

Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreki leik- og grunnskóla. Miða skal við að fulltrúar nemenda komi úr efstu bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Skólanefnd og sveitarstjórn hafa samþykkt sameiginlegt skólaráð Álfaborgar og Valsárskóla.

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90, 2008 kemur fram í 11. gr. að hlutverk foreldra-/skólaráðs sé að gefa umsagnir til leik- og grunnskóla, auk skólanefndar. Ráðið skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár sbr. 2. mgr. 4. gr. um skólanámskrár og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Skólaráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leik- og grunnskólastarfi.

Fulltrúar í skólaráði 2024-2025

- Bryndís Hafþórsdóttir skólastjóri Álfaborgar og til vara Sigurbjörg Ósk Jónsdóttir.
- María Aðalsteinsdóttir skólastjóri Valsárskóla og til vara Svala Einarsdóttir.
- Jakob Björnsson, fulltrúi foreldra í Valsárskóla og varamaður er Anna Louise Júlíusdóttir
- Ásrún Aðalsteinsdóttir, fulltrúi kennara í Valsárskóla og varamaður hennar er Harpa Helgadóttir
- Lilja Jakobsdóttir er fulltrúar nemenda í Valsárskóla
- Logi Hrafn Brynjólfsson er fulltrúi nemenda í Valsárskóla
- Eyrún Gísladóttir er varamaður Loga og Lilju
- Kamila Sylwia Ciolko-Borkowska, fulltrúi kennara í Álfaborg og Íris Axelsdóttir varamaður
- Auður Hafþórsdóttir, fulltrúi starfsmanna í Álfaborg og er Gísli Arnarson Valsárskóla varamaður
- Sandra Aðalsteinsdóttir, fulltrúi foreldra í Álfaborg og varamaður hennar er Ari Björn Jónsson
- Ingileif Axfjörð, fulltrúi grenndarsamfélagsins

Öryggismál

Slys gera ekki boð á undan sér. Slökkviliðið kom í heimsókn til Krummanna með Loga og Glóð fræðslu. Kennarar voru með umferðarfræðslu í útiskólanum. Öryggis yfirferð á garði, sérstaklega eftir helgar, er á höndum kennara og opinber úttektaraðili kom í árlega skoðun á garði og leiktækjum. Smávægilegar athugasemdir voru gerðar og brást húsvörður við og leysti úr því.

Öryggisnefnd

Sameiginleg öryggisnefnd er fyrir Álfaborg/Valsárskóla. Hlutverk nefndarinnar er að fylgja eftir gerðum áætlunum, úttektum opinberra eftirlitsaðila og að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög og reglugerðir.

Í öryggisnefnd sitja:

Auður Hafþórsdóttir (Álfaborg) öryggistrúnaðarmaður
Helgi Viðar Tryggvason (Valsárskóli) öryggistrúnaðarmaður
María Aðalsteinsdóttir (Valsárskóli) öryggisvörður
Bryndís Hafþórsdóttir (Álfaborg) öryggisvörður
Tómas Ingi Jónsson umsjónarmaður fasteigna, öryggisstjóri

Tvær rýmingaræfingar voru haldnar á skólaárinu, önnur undirbúin og hin óundirbúin. Þær gengu báðar vel. Rýmingartími okkar var rétt innan innan við 3 mín sem er í takt við fyrri æfingar.



Fáliðunar stefna leikskólans

Viðmið vegna lágmarksmönnunar í Álfaborg. Markmið með þessari stefnu er að tryggja öryggi barnanna vegna manneklu. Ef upp koma þær aðstæður í leikskólanum vegna fáliðunar að stjórnendur telji öryggi barnanna ekki tryggt, er haft samband við foreldra.

Viðmið um fjölda barna á hvern starfsmann eru:

- 1 árs – 4 börn
- 2 ára – 5 börn
- 3 ára – 6 börn
- 4 ára – 7 börn
- 5 ára – 8 börn

Hringt verður í foreldra, sem óskað er eftir að sækja börn sín hverju sinni, og leitast við að vinna þetta í sem bestu samráði, þ.e. skólinn tekur tillit til aðstæðna foreldra hverju sinni, en gætir engu að síður fulls jafnræðis. Skólastjóri og/eða staðgenglar sjá um að hafa samband.

Húsnæði

Í sumarlokun leikskólans voru veggir málaðir í Rjóðri, Lundi, Regnboga og Kvisti. Einnig var allur leikskólinn þrífinn extra vel áður en hann opnaði aftur eftir sumarlokun.

Viðhald

Húsvörður sá um viðhald innandyra en þetta skólaárið var það einungis smávægilegt eins og að yfirfara hurðapumpur, hengja upp hillur og setja saman skápa. Auk þess lagfærði hann ýmislegt smálegt sem bent var á á foreldrafundi í fyrra.

Lokaorð

Við höfum unnið að því að bæta óskir foreldra og gengið vel og það má alltaf gera betur. Við vinnum áfram í þeim punktum sem komið hafa fram og gerum skólann okkar enn betri en hann er. Með samvinnu, jákvæðni, gleði og trausti mun okkur takast það og vera enn stoltari af okkar góða skóla.

Fráfarandi leikskólastjóri vill þakka öllum fyrir gott samstarf á þessu skólaári og býður Guðrúnu Hallfríði Björnsdóttur, nýjan leikskólastjóra hjartanlega velkomna til starfa.